



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Alþingi  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Borgarnesi 15.03 2023

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samgönguframkvæmdir (samfélagsvegi) 485 mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 1. mars 2023 þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um samgönguframkvæmdir (samfélagsvegi) 485 mál.

**Almennt um tillöguna**

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) tekur undir tillöguna um samfélagsvegi. Sú breyting sem lögð er til í lögnum um samgönguframkvæmdir skiptir landshluta eins og Vesturland mjög miklu máli og gæti hraðað mikilvægum framkvæmdum um fleiri ár eða áratugi.

Tillagan um samfélagsvegi gerir ráð fyrir veggjaldi og álagning þess er vissulega ekki óumdeild. Töluverð umræða hefur orðið hjá sveitarfélögum á Vesturlandi um innheimtu veggjalds. Í samgöngu- og innviðaaáætlun Vesturlands kemur fram að „ þegar forsenda vegaf framkvæmdir með veggjaldi er skoðuð þá má segja að tímasparnaður, lægri aksturskostnaður og öryggi vegfarenda séu megin röksemdin fyrir álagningu veggjalds. Afleidd áhrif eru hins vegar aukin umferð, stækkun atvinnusvæðis, aukin tækifæri í ferðapjónustu og hækkun fasteignaverðs“. SSV telur því að sama eigi við um samfélagsvegi, að það sé ásættanlegt í ljósi aðstæðna að innheimta veggjald. Samfélagsvegir eiga að flýta framkvæmdum og fjármögnun þeirra byggir aðeins að hluta á veggjöldum, en meginhlutinn er fjármagnaður af samgönguáætlun ríkisins í samræmi við gildandi áætlun hverju sinni.

Við tökum undir umsögn Dalabyggðar þar sem vakin athygli á að því að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa náð samkomulagi við ríkisvaldið um mikilvæga og í raun meiriháttar uppbyggingu á samgöngum. Það er réttlæismál að sambærilegum verkfærum verði beitt á

landsbyggðinni. Sveitafélög á landsbyggðinni gera þá eðlilegu kröfu að umtalsverðar fjárhæðir verði lagðar til úrbóta í vegamálum á landsbyggðinni því þar er ekki síður rík þörf fyrir vegabætur til staðar.

Á Vesturlandi telur vegakerfið 1845 km eða um 14% af vegakerfi landsins. Stofnvegir eru alls 632 km og af þeim eru 104 km án bundins slitlags. Tengivegir eru alls 631 km og af þeim eru 477 km án bundins slitlags sem segir okkur hversu brýn þörfin er að vegir á svæðinu verði endurbættir og lagðir bundnu slitlagi. Annars vegar á þetta við þegar kemur að vegtengingum á milli héraða og hins vegar innan héraða. Það leikur enginn vafi á því að betri vegir og greiðari samgöngur eru lykilþáttur þegar kemur að því að sameina sveitarfélög. Því miður sjáum við glögg t í íbúakönnunum sem gerðar hafa verið á Vesturlandi undanfarin 20 ár að óánægja íbúa með vegakerfið hefur vaxið og óánægjan er mest í dreifbýlum sveitarfélögum þar sem malarvegir eru stór hluti vegakerfisins. Með hliðsjón af þessari stöðu teljum við að með samfélagsvegum, þar sem framkvæmdum er flýtt með innheimtu veggjalda og nýjum fjármögnunarleiðum, sé hægt að rjúfa ákveðna kyrrstöðum sem hefur verið í vegaframkvæmum á Vesturlandi. Þessi nýja hugmyndafræði gæti líka stuðlað að því að það verði meira fjármagn umleikis hjá ríkinu til þess að fara í bráð nauðsynlegar viðhaldsframkvæmdir, en viðhaldsþörf vega á Vesturlandi hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár.

Að lokum þá tekur SSV heilshugar undir það sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins, að brýn nauðsyn sé til að leita nýrra leiða til að fjármagna og bæta vegi á Íslandi. Tillagan um samfélagsvegi er stórt skref í þá átt.

f.h. SSV



Páll S. Brynjarsson  
framkvæmdastjóri